



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 15. mars 2023
USK23010052

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. mars 2023 varðandi eftirfarandi mál:

Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík - framlenging

Lagt fram til kynningar, bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 9. mars 2023 um viðauka við samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík ásamt drögum að viðauka við samninginn, án dags, samkomulaginu, dags. 4. apríl 2019 og álitni borgarlögmans varðandi framhald samkomulagsins, dags. 19. desember 2022. Drögin voru lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð til kynningar áður en þau verða lögð fyrir borgarráð til samþykktar. USK23010052

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Fylgiskjöl: Bréf skrifstofu umhverfisgæða, dags. 9. mars 2023 ásamt fylgiskjöllum.



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Viðauki við samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík

Þann 4. apríl 2019 gerðu Reykjavíkurborg, Orkuveita Reykjavíkur og Veitur með sér samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík. Samkomulagið er meðfylgjandi.

Gildistíma samkomulagsins lauk áður en lokið var við þá uppbyggingu sem tilgreind var í samkomulaginu. Því hafa aðilar samkomulagsins unnið meðfylgjandi drög að viðauka við samkomulagið, um framlengingu á því o.fl. Drögin eru lögð fyrir umhverfis- og skipulagsráð til kynningar áður en þau verða lögð fyrir borgarráð til samþykktar. Einnig er meðfylgjandi álit borgarlögmanns varðandi framhald samkomulagsins

Virðingarfyllt,
Guðmundur Benedikt Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:

- Drög að viðauka við samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík
- Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík
- Álit borgarlögmanns varðandi framhald samkomulags um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík

Viðauki við samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík

Þann 4. apríl 2019 gerðu Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Orkuveita Reykjavíkur (OR), kt. 551298-3029 og Veitur ohf., kt. 501213-1870 (Veitur), með sér samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík (samkomulagið). Gildistími samkomulagsins var til 31. desember 2022. Framangreindir aðilar fyrrnefnds samkomulags eru sammála um að framlengja það með eftirfarandi viðauka:

1. gr.

Þættir samkomulags sem eru framlengdir

Samningsaðilar eru sammála um að verkefnum a. og c. lið 2. gr. samkomulagsins sé lokið. Verkefni b. liðar 2. gr. samkomulagsins er lokið að hluta en með viðauka þessum er gert ráð fyrir að ljúka því að fullu í samræmi við efni samkomulagsins. Ákvæði um hlutverk samningsaðila, innviði samkomulagsins, kostnað vegna innviða og samráð og endurmat samkvæmt 3., 4., 5. og 7. gr. haldast óbreytt að undanskildum breytingum sem tilgreindar eru í 3. gr. þessa viðauka.

2. gr.

Staða verkefnis sem er framlengt og tímaáætlun

Samkvæmt b. lið 2. gr. samkomulagsins var gert ráð fyrir að auglýsa eftir tillögum frá íbúum um staðsetningar fyrir hleðslustæði og koma upp innviðum fyrir hleðslustöðvar á 20 stöðum á ári í þrjú ár. Samkvæmt c. lið 3. gr. samkomulagsins var Reykjavíkurborg ætlað að bjóða út rekstur hleðslustöðva við stæðin.

Auglýst hefur verið eftir tillögum íbúa og hafa safnast nægar tillögur fyrir alla 60 staði sem samkomulagið gerði ráð fyrir. Lokið er við að koma upp innviðum á fyrstu 20 stöðunum og unnið er að útboði á rekstri hleðslustöðva við þau stæði.

Með viðauka þessum eru samningsaðilar sammála um að ljúka við útboð á uppsetningu og rekstri hleðslustöðva við fyrstu 20 staðina árið 2023. Þá verði næstu 20 staðir valdir, innviðum komið fyrir og boðin út uppsetning og rekstur hleðslustöðva við þá árið 2023. Síðustu 20 staðirnir verði svo valdir, innviðum komið fyrir og rekstur hleðslustöðva við þá boðinn út árið 2024. Gerður er sá fyrirvari við framangreint að lok fyrirhugaðra útboðsferla geti tafist vegna kæru- og málaferla.

3. gr.

Breytingar á einstaka liðum 3. og 4. gr. samkomulagsins

Við c. lið í 3. gr. samkomulagsins bætist við eftirfarandi setning: „Tekjum sem aðilar kunna að öðlast samkvæmt tilboði þjónustuaðila, verði útboðsgögnum hagað með þeim hætti, skal skipta jafnt á milli Reykjavíkurborgar og OR.“

A og c liðir 4. gr. samkomulagsins breytast þannig að í stað þess að koma upp einum (1) hleðslubúnaði á hverjum stað í upphafi og þeim geti svo mögulega fjölgað verður komið upp einum til þrem (1-3) hleðslubúnaði á hverjum stað sem þjónað getur tveim til sex (2-6) hleðslustæðum. Verði komið upp færri en sex (6) hleðslustæðum á hverjum stað er hægt að fjölga þeim í allt að sex (6) síðar. Samráðshópur sem hefur umsjón með samkomulaginu samkvæmt 7. gr. samkomulagsins tekur ákvörðun um fjölgun hleðslustæða.

4. gr.

Samningstími

Gildistími samkvæmt 8. gr. samkomulagsins er framlengdur til ársloka 2024 í samræmi við tímaáætlun í 2. gr. viðauka þessa. Að öðru leyti helst 8. gr. samkomulagsins óbreytt. Viðauki þessi sem og samkomulagið, með þeim breytingum og viðaukum sem eru að finna í viðauka þessum, framlengjast sjálfkrafa til loka ársins 2025 tefjist uppsetning og rekstur hleðslustöðva samkvæmt 2. gr. viðauka þessa vegna kæru- og málaferla. Viðauki þessi sem og samkomulagið framlengjast þó aldrei lengur en það nema til komi skriflegur viðauki undirritaður og samþykktur af öllum samningsaðilum.

Viðauki þessi er undirritaður í þremur eintökum og er eitt eintak fyrir hvern samningsaðila. Viðauki þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs eða eftir atvikum borgarstjórnar.

Reykjavík, xx. yyy 2023

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Veitna ohf.

Bjarni Bjarnason

Dagur B. Eggertsson

Sólrún Kristjánsdóttir

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Orkuveita Reykjavíkur (OR), kt. 551298-3029 og Veitur ohf., kt. 501213-1870 (Veitur) gera með sér svofellt

Samkomulag um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík

1. gr. Markmið

Samningsaðilar hafa allir sett sér metnaðarfull og nauðsynleg loftslagsmarkmið og aðgerðaáætlanir til að ná þeim. Auk eigin starfsemi ná áætlanir þeirra til að sporna við hlýnun jarðar einnig til þess að auðvelda almenningi að draga úr losun sinni. Umhverfisvænni samgöngur – að hjóla, ganga, nýta almenningssamgöngur eða aka á bílum sem ganga fyrir hreinni orku – eru þar lykilatriði.

Markmið aðila með samkomulagi þessu er að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbílum þeim til afnota sem síður geta komið slíkum búnaði heima fyrir og starfsfólk Reykjavíkurborgar. Er að síðustu markmið samkomulags þessa að hvetja húsfélög fjöleignarhúsa að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbílum.

2. gr. Verkefni

Samningsaðilar munu vinna að uppbyggingu á innviðum til hleðslu rafbílum í Reykjavík með eftirfarandi hætti.

- a. Innviðir fyrir hleðslubúnað rafbílum verða byggðir upp á þrjátíu (30) fyrirfram ákveðnum stöðum á borgarlandi, samkvæmt meðfylgjandi tillögu á fylgiskjali með samkomulagi þessu, en aðilar munu sammælast um endanlegar staðsetningar eftir undirritun samkomulagsins.
- b. Innviðir fyrir hleðslubúnað verða byggðir upp á allt að tuttugu (20) stöðum á ári í þrjú ár á borgarlandi með það að markmiði að þjóna íbúum sem ekki hafa bílastæði á eigin lóð. Óskað verður eftir tillögum íbúa um staðsetningar. Reykjavíkurborg og Veitur munu velja endanlegar staðsetningar til samræmis við fjölda íbúa, aðra þörf og hagvæmnisjónarmið eftir undirritun samkomulags þessa.
- c. Komið verður á fót sjóði til að úthluta styrkjum í þeim tilgangi að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbílum á lóðum fjöleignarhúsa, samkvæmt umsókn viðkomandi húsfélags um styrk.

3. gr. Hlutverk

- a. Veitur ohf. munu annast og kosta lagningu nauðsynlegra rafmagnsstrengja að væntanlegum hleðslubúnaði vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa.
- b. Reykjavíkurborg mun, sjálf eða með samkomulagi við þriðja aðila, leggja til bílastæði og merkingar og annast allan yfirborðsfrágang eftir framkvæmdir á borgarlandi og lóðum stofnana Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa.

- c. Reykjavíkurborg mun í opnu gagnsæju ferli, auglýsa aðstöðuna og rekstur hleðslustöðvanna. Komi til þess að greiða þurfi með þjónustu vegna einstakra hleðslustöðva, skv. tilboði þjónustuaðila, munu Reykjavíkurborg og OR skipta slíkri meðgjöf jafnt á milli sín, skv. sérstöku samkomulagi sem verður gert þar um.
- d. Reykjavíkurborg mun óska eftir framlagi ríkisins og samstarfi um verkefni skv. samkomulagi þessu.

4. gr.

Innviðir skv. a. og b. lið 2. gr.

- a. Í upphafi verður settur upp einn (1) hleðslubúnaður á hverjum stað. Búnaðurinn verður fyrir tvö bílastæði með tveimur tenglum, 2x32 A, þriggja fasa.
- b. Hleðslubílastæðin skulu vera skýrt afmörkuð og eingöngu ætluð til hleðslu rafbíla.
- c. Gert verður ráð fyrir að hleðslustæðum geti fjölgað í allt að sex (6) á hverjum stað. Skilyrt er að hleðslum verði álagsstýrt þannig að álag á rafmagnsfæðingu fari ekki yfir tiltekna afkastagetu. Aðilar munu hafa samráð um endanlega útfærslu álagsstýringar.
- d. Þjónustuaðilar munu koma til með að selja hleðsluþjónustu til rafbílaeigenda, reka viðskiptakerfi, greiða dreifingarkostnað rafmagns, annast rekstur búnaðarins og bera ábyrgð á skilum upplýsinga um nýtingu hans til Reykjavíkurborgar.
- e. Hleðslubúnaðurinn skal auk þjónustuaðila merktur Reykjavíkurborg, OR og Veitum.

5. gr.

Kostnaður vegna innviða

Samningsaðilar skulu standa straum af kostnaði vegna efnis og vinnu vegna eigin þátttöku í verkefninu. Vegna tekjumarka dreifiveitu rafmagns skal Reykjavíkurborg upplýsa Veitur um kostnað sinn vegna yfirborðsfrágangs og skulu Veitur taka tillit til mismunar þess kostnaðar og þess sem annars hefði innheimst vegna heimlagngjalda við tekjumarkauttreikning sinn

Reykjavíkurborg mun standa straum af kostnaði leyfa vegna framkvæmda í borgarlandi.

6. gr.

Styrkur til fjöleignarhúsa

Reykjavíkurborg og OR munu, hvor um sig, leggja fram kr. 20.000.000 (alls kr. 60.000.000 hvor aðili) í sjóð á ári í 3 ár, sbr. c. lið 2. gr. samkomulags þessa.

Úr sjóðnum verða veittir styrkir til húsfélaga í fjöleignarhúsum með íbúðum samkvæmt eftirfarandi skilmálum:

- a. Styrkur verður einungis veittur húsfélögum en ekki einstaka eigendum.
- b. Húsfélag skal sjálf leggja til bílastæði og aðra aðstöðu vegna hleðslubúnaðar á lóð fjölbýlishússins.
- c. Hleðslubúnaður fyrir rafbíla skal aðgengilegur öllum íbúum viðkomandi fjölbýlishúss.
- d. Hver einstakur styrkur skal ekki nema hærrí fjárhæð en 1,5 mkr. og skal fjárhæð styrks aldrei fara yfir 67% af heildar framkvæmdakostnaði við uppsetningu hleðslubúnaðar. Kostnaður sem fellur undir framkvæmdakostnað er m.a. efniskostnaður, ráðgjafakostnaður, vinna rafvirkja við



tengingar, fæðing að hleðslustæði, hleðslubúnaður, jarðvinna og frágangur, auk stofngjalds vegna heimlagnar ef þörf er á.

- e. Styrkur verður greiddur við lok framkvæmda samkvæmt framlögðum reikningum og að því gefnu að hleðslubúnaður hafi verið tekinn í notkun.
- f. Reykjavíkurborg og OR munu sammælast um endanlega úthlutunarskilmála sjóðsins, þar með talið hámarks fjárhæðar styrks og hlutfalls heildarkostnaðar, áður en hann tekur til starfa.

7. gr.

Samráð og endurmat

Umsjón samkomulags þessa skal vera í höndum samráðshóps sem samanstendur af fulltrúum Reykjavíkurborgar, OR og Veitna, einum fulltrúa frá hverjum aðila.

Rýna skal framvindu og árangur af verkefninu einu sinni á ári á samningstímanum. Sérstaklega skal litið til þess hvort styrkir og tilhögun verkefnisins þjóni þeim tilgangi sem að var stefnt.

8. gr.

Samningstími


Gildistími samkomulags þessa er frá undirritun þess til ársloka 2022.


Hvorum aðila er á samningstíma heimilt að óska eftir endurskoðun á ákvæðum samkomulags þessa verður sýnt fram að forsendur hafi breyst eða standist ekki.


Rísi ágreiningur milli aðila um efni samkomulags þessa skal samráðshópur leitast við að leysa þann ágreining. Náist ekki samkomulag með aðilum skal hverjum aðila samkomulagsins heimilt að skjóta slíkum ágreiningi til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Samkomulag þetta er undirritað í þremur eintökum og er eitt eintak fyrir hvern samningsaðila..

Reykjavík, 4. apríl 2019

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur

Bjarni Bjarnason

f.h. Reykjavíkurborgar

Dagur B. Eggertsson

f.h. Veitna ohf.

Inga Dóra Hrólfsdóttir

FYLGISKJAL

Staðsetning hleðslubúnaðar rafbíla samkvæmt a. lið 2. greinar samkomulagsins:

<u>Hverfi</u>	<u>Staðsetning</u>
Austurbær	Barónstígur við Sundhöll Reykjavíkur.
Álftamýri	Álftamýri við Háaleitisskóla.
Árbær	Rofabær við Ársel.
Ártún	Spöng.
Borgir og Engi	Móavegur við verslunarmiðstöð.
Fell	Á horni Norðurfells og Iðufells.
Foldir	Logafold við verslanamiðstöð.
Grafarholt 1	Mariubaugur við leikskólann Mariuborg.
Grafarholt 2	Gvendargeisli við leikskólann Reynisholt.
Grandar	Rekagrandi við leikskólann Gullborg.
Hagar og Melar	Neshagi við íþróttahús Hagaskóla.
Hamrar	Bílastæði við Sporhamra.
Háaleiti	Á horni Smáagerðis og Stóragerðis.
Háteigur	Bólstaðarhlíð, til móts við númer 58
Heimar og Vogar	Gnoðarvogur, til móts við númer 20
Hlíðar	Hörgshlíð, bílastæði við Hlíðaskóla
Hólar	Vesturhólar, bílastæði.
Hús	Hlíðarhús við Eir.
Laugarnes	Laugardalslaug.
Neðra Breiðholt	Bílastæði við Breiðholtsskóla.
Norðlingaholt	Norðlingabraut, bílastæði við Þingtorg.
Norðurmýri	Bílastæði við Kjarvalsstaði.
Rimar	Á horni Langarima og Hrísríma.
Sel	Rangársel, við Seljakirkju.
Selás	Á bílastæði við Selásskóla.
Smáibúðahverfi	Við Hæðargarð og Hólmgarð.
Staðir	Barðastaðir, á lóð skólans.
Úlfarsárdalur	Við Dalsskóla
Vesturbær	Á Sólvallagötu við Vesturbæjarskóla.
Víkur	Á bílastæði Kelduskóla.





MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Sendandi: Borgarlögmaður

Efni: Álit borgarlögmanns varðandi framhald samkomulags um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík.

I. Verkbeiðni.

Með bréfi, dags. 1. mars 2022, óskaði borgarritari, eftir því að borgarlögmaður gæfi álit sitt á því hvort eitthvað væri því til fyrirstöðu að framlengja samkomulag Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur („OR“) og Veitna ohf. („Veitur“), dags. 4. apríl 2019, um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum í Reykjavík („samkomulagið“). Í *kafli II* verður fjallað almennt um samkomulagið, þ. á m. markmið þess og þau verkefni sem það tekur til. Í *kafli III* verður fjallað um vinnu starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík. Þá verður í *kafli IV* fjallað um stöðu verkefna á grundvelli samkomulagsins. Að því loknu verður í *kafli V* fjallað um kæru- og málaferli vegna útboðs nr. 14923 á uppsetningu á rekstri hleðslustöðva. Í *kafli VI* verður fjallað um nýjar upplýsingar sem liggja fyrir varðandi samkomulagið og framkvæmd þess. Loks veitir borgarlögmaður álit í *kafli VII* á því hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að samkomulagið verði framlengt.

II. Um samning um uppbyggingu innviða fyrir hleðslu í rafbílum í Reykjavík.

Borgarráð samþykkti á 5541. fundi sínum þann 4. apríl 2019 drög að samkomulaginu og undirritaði borgarstjóri samkomulagið fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Samkvæmt 1. gr. samkomulagsins er markmið þess m.a. að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla þeim til afnota sem síður geta komið slíkum búnaði upp heima fyrir og starfsfólk Reykjavíkurborgar. Þá er jafnframt markmið þess að hvetja húsfélög fjöleignarhúsa að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla. Í 2. gr. samkomulagsins eru verkefni á grundvelli þess nánar útfærð með svohljóðandi hætti:

„Samningsaðilar munu vinna að uppbyggingu á innviðum til hleðslu rafbíla í Reykjavík með eftirfarandi hætti.

- a. *Innviðir fyrir hleðslubúnað rafbíla verða byggðir upp á þrjátíu (30) fyrirfram ákveðnum stöðum á borgarlandi, samkvæmt meðfylgjandi tillögu á fylgiskjali með samkomulagi þessu, en aðilar munu sammælast um endanlegar staðsetningar eftir undirritun samkomulagsins.*
- b. *Innviðir fyrir hleðslubúnað verða byggðir upp á allt að tuttugu (20) stöðum á ári í þrjú ár á borgarlandi með það að markmiði að þjóna íbúum sem ekki hafa bílastæði á eigin lóð. Óskað verður eftir tillögum íbúa um staðsetningar. Reykjavíkurborg og Veitur munu velja endanlegar staðsetningar til samræmis við fjölda íbúa, aðra þörf og hag[k]væmnisjónarmið eftir undirritun samkomulags þessa.*
- c. *Komið verður á fót sjóði til að úthluta styrkjum í þeim tilgangi að koma upp hleðslubúnaði fyrir rafbíla á lóðum fjöleignarhúsa, samkvæmt umsókn viðkomandi húsfélags um styrk.“*



Í 3. gr. samkomulagsins er fjallað um hlutverk aðila samkomulagsins en þar segir:

- „a. Veitur ohf. munu annast og kosta lagningu nauðsynlegra rafmagnsstrengja að væntanlegum hleðslubúnaði vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa.*
- b. Reykjavíkurborg mun, sjálf eða með samkomulagi við þriðja aðila, leggja til bílastæði og merkingar og annast allan yfirborðsfrágang eftir framkvæmdir á borgarlandi og lóðum stofnana Reykjavíkurborgar vegna uppbyggingar innviða samkvæmt 4. gr. samkomulags þessa.*
- c. Reykjavíkurborg mun í opnu gagnsæju ferli, auglýsa aðstöðuna og rekstur hleðslustöðvanna. Komi til þess að greiða þurfi með þjónustu vegna einstakra hleðslustöðva, skv. tilboði þjónustuaðila, munu Reykjavíkurborg og OR skipta slíkri meðgjöf jafnt á milli sín, skv. sérstöku samkomulagi sem verður gert þar um.*
- d. Reykjavíkurborg mun óska eftir framlagi ríkisins og samstarfi um verkefni skv. samkomulagi þessu.“*

Í 5. gr. samkomulagsins er fjallað um kostnað vegna innviða en þar kemur fram að samningsaðilar skuli standa straum af kostnaði vegna efnis og vinnu vegna eigin þátttöku í verkefninu. Vegna tekjumarka dreifiveitu rafmagns skuli Reykjavíkurborg upplýsa Veitur um kostnað sinn vegna yfirborðsfrágangs og skulu Veitur taka tillit til mismunar þess kostnaðar og þess sem annars hefði innheimst vegna heimlagngjalda við tekjumarkauðtreikning sinn. Þá skuli Reykjavíkurborg standa straum af kostnaði leyfa vegna framkvæmda í borgarlandi.

Í 6. gr. samkomulagsins er fjallað um styrk til fjöleignarhúsa. Þar kemur fram að Reykjavíkurborg og OR muni, hvor um sig, leggja fram kr. 20.000.000 (alls kr. 60.000.000 hvor aðili) í sjóð á ári í þrjú ár, sbr. c. lið 2. gr. samkomulagsins. Úr sjóðnum verði veittir styrkir til húsfélaga í fjöleignarhúsum með íbúðum samkvæmt tilteknum nánar útlistuðum skilmálum.

Í 8. gr. samkomulagsins er fjallað um samningstíma þar sem kemur fram að gildistími samkomulagsins sé frá undirritun þess til ársloka 2022. Þá kemur m.a. fram að hvorum aðila sé á samningstíma heimilt að óska eftir endurskoðun á ákvæðum samkomulagsins verði sýnt fram á að forsendur hafi breyst eða standist ekki.

III. Starfshópur um hröð orkuskipti í Reykjavík.

Með erindisbréfi borgarstjóra, dags. 16. febrúar 2021, var skipaður starfshópur um hröð orkuskipti í Reykjavík. Starfshópurinn skipuðu Jakob Sigurður Friðriksson frá OR, Jóhannes Þorleiksson frá Veitum, Gunnar Tryggvason frá Faxaflóahöfnum, Ingvar H. Jóhannesson frá Strætó, Þorleifur Þorbjörnsson frá Sorpu, Ásberg K. Ingólfsson frá Malbikunarstöðinni Höfða og Guðmundur B. Friðriksson frá Reykjavíkurborg sem var einnig formaður hópsins.

Starfshópurinn skilaði skýrslu um hröð orkuskipti í Reykjavík, dags. maí 2021. Í kjölfarið lagði borgarstjóri til við borgarráð að m.a. samþykkja að Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar yrði í forystu í orkuskiptum á Íslandi með áherslu á hreinorku og uppbyggingu innviða fyrir orkuskipti, að allir bílar og tæki borgarinnar muni nýta hreinorku eigi síðar en árið 2025 og að Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar beiti sér fyrir hraðri uppbyggingu innviða til að styðja við orkuskipti í samvinnu við ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa.

Þá var einnig lagt til að borgarráð myndi samþykkja og vísa til meðferðar innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar tíu tillögum tengdum ofangreindum markmiðum þ. á m. eftirfarandi:

- Að styrktarsjóður Reykjavíkurborgar og OR fyrir fjöleignarhús til uppsetningar á hleðslustöðvum yrði framlengdur um tvö ár.
- Unnin yrði áætlun um uppsetningu á hleðsluaðstöðu vegna bíla í rekstri borgarinnar.
- Komið yrði fyrir hleðsluaðstöðu við starfsstaði borgarinnar og fyrirtæki hennar.
- Vísað yrði til Bílastæðasjóðs að útfæra og kostnaðarmeta hvernig hægt væri að mæta hleðsluþörf bilaleigubíla við gististaði í miðborginni og á stæðum Bílastæðasjóðs í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.
- Skipulagðar yrðu lóðir fyrir hraðhleðslustöðvar.



- Samkomulagið yrði framlengt að fengnu álitni borgarlögmans.

Umræddar tillögur voru samþykktar á 5654. fundi borgaráðs þann 3. febrúar 2022.

IV. Staða verkefna á grundvelli samkomulagsins.

Undirrituð óskaði eftir upplýsingum um stöðu þeirra verkefna er samkomulagið fjallar um frá Guðmundi B. Friðrikssyni, skrifstofustjóra á skrifstofu umhverfisgæða, en hann hefur yfirumsjón með samkomulaginu fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt þeim upplýsingum hefur vinnu við a. og c. liði 3. gr. samkomulagsins verið lokið. Á hinn bóginn hefur framkvæmd b. liðar 3. gr. þess tafist vegna kæru- og málaferla er varða lögmæti útboðs um verkefni samkvæmt a. lið 3. gr. samkomulagsins, sbr. dóm Landsréttar frá 24. júní 2022 í máli nr. 745/2021. Hvað varðar vinnu við verkefni á grundvelli b. liðar 3. gr. samkomulagsins þá hefur að svo komnu máli verið óskað eftir tillögum frá íbúum varðandi fyrirhugaðar staðsetningar hleðslustöðva. Hægt er að nýta þær tillögur sem hafa borist frá íbúum vegna staðsetningar allra þeirra hleðslustöðva sem b. liður 3. gr. samkomulagsins tekur til. Fyrstu 20 staðsetningarnar eru reiðubúnar fyrir útboð en Veitur hafa komið fyrir nauðsynlegum innviðum á þeim. Fyrirhugað er að umræddar staðsetningar verði teknar í notkun næsta vor. Í upphafi ársins 2023 er lagt upp með að undirbúa næstu 20 staðsetningar eða eftir atvikum næstu 40. Það veltur á því hvort samkomulagið verði framlengt og þá hvort vilji standi til þess að framlengja það til ársins 2023 eða ársins 2024 og bjóða þá út 20 staðsetningar hvort ár eða 40 staðsetningar árið 2023.

Þá eru til vinnslu á vegum Reykjavíkurborgar verkefni tengd uppsetningu hleðslustöðva utan samkomulagsins. Unnið er að fjölgun hleðslustöðva í bílastæðahúsum. Einnig er verið að bjóða út lóðir fyrir hraðhleðslustöðvar þar sem gert er ráð fyrir 5-10 stöðvum á hverri lóð. Guðmundur B. Friðriksson hefur fyrir hönd Reykjavíkurborgar gert sex mánaða samning við Ísorku ehf. um leigu á stöðvum í miðborginni sem voru settar upp með styrk frá Orkusjóði árið 2018. Gert er ráð fyrir að þær stöðvar verði teknar niður að liðnum umræddum samningstíma og þær staðsetningar boðnar út í kjölfarið. Guðmundur upplýsti um að hann hyggst nýta tilvonandi útboðsferli á grundvelli samkomulagsins til þess að bjóða út samhliða uppsetningu og rekstur hleðslustöðva sem verða settar upp einvörðungu á vegum Reykjavíkurborgar en ekki á grundvelli samkomulagsins og þá að fengnu samþykki allra aðila samkomulagsins.

V. Varðandi kæru- og málaferli vegna útboðs nr. 14923 á uppsetningu og rekstri hleðslustöðva.

Í júlí 2020 auglýsti Reykjavíkurborg eftir tilboðum í uppsetningu og rekstur hleðslustöðva á stæðum á þremur svæðum í Reykjavík, sbr. útboð nr. 14923 auðkennt „Uppsetning og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík“. Um var að ræða útboð á staðsetningum hleðslustöðva samkvæmt a. lið 3. gr. samkomulagsins.

Í fyrrnefndu útboði gerðu útboðsskilmálar ráð fyrir að bjóðendur gætu hagað tilboðsgerð sinni með eftirfarandi hætti:

„Setji bjóðandi jákvæð (+) formerki á tilboðsupphæð þá fær hann greitt mánaðargjald fyrir að reka hleðslustöð/stöðvar á hverri staðsetningu. / Setji bjóðandi neikvæð (-) formerki á tilboðsupphæð þá greiðir hann kaupanda mánaðarlegt afnotagjald fyrir að fá að setja upp og reka hleðslustöð/stöðvar á hverri staðsetningu. / Komi fram tilboðsverð 0, er svo litið að hvorugur aðili greiði eða fái greitt fyrir viðkomandi lið í magnskrá.“

Orka náttúran ohf. („ON“) var lægstbjóðandi í útboðinu og hlaut hinn boðna samning. Tilboð ON var þannig háttáð að ON myndi greiða kaupanda mánaðarlegt afnotagjald fyrir að fá að setja upp og reka hleðslustöðvar á hverri og einni staðsetningu sem um ræddi. Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi B. Friðrikssyni hafa afnotagjöld ekki verið innheimt af hálfu



Reykjavíkurborgar til þessa en samkvæmt samkomulaginu er ekki gert ráð fyrir að bjóðandi greiði með hleðslustöðvum. Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi var talið að samningsfjárhæð ON hefði verið það lág að heppilegra væri að haga rúkkun afnotagjalda með þeim hætti að rúkkuð yrðu afnotagjöld vegna nokkurra mánaða í einu í stað þess að innheimta þau mánaðarlega.

Ísorka ehf., sem einnig var þátttakandi í útboðinu, kærði útboðið með kæru, dags. 8. október 2020, til kærunefndar útboðsmála og fékk málið málsnúmerið 44/2020 fyrir nefndinni. Úrskurður í málinu lá ekki fyrir fyrr en þann 11. júní 2021 þar sem m.a. samningur Reykjavíkurborgar við ON var lýstur óvirkur og lagt var fyrir Reykjavíkurborg að bjóða út að nýju uppsetningu og rekstur hleðslustöðva fyrir rafbíla í Reykjavík. Í kjölfar úrskurðarins þurfti ON að loka öllum stöðvum sem félagið rak á grundvelli útboðsins.

ON lét reyna á gildi úrskurðar nr. 44/2020 fyrir dómstólum og höfðaði dómsmál á hendur Ísorku ehf. Reykjavíkurborg átti aðild að dómsmálinu og tók undir kröfu ON í málinu. Með dómum héraðsdóms og Landsréttar var fyrrnefndur úrskurður kærunefndar útboðsmála felldur úr gildi, sbr. endanlegan dóm Landsréttar frá 24. júní 2022 í máli nr. 745/2021. Eftir að dómur héraðsdóms gekk opnaði ON aftur fyrir stöðvarnar sem settar höfðu verið upp á grundvelli útboðsins. Ísorka ehf. freistaði þess að óska eftir leyfi til þess að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar en ekki var fallist á beiðnina af hálfu Hæstaréttar með ákvörðun réttarins þann 7. október 2022. Þar með lauk kæru- og málaferlum um lögmati útboðsins.

VI. Nýjar upplýsingar.

Á 5687. fundi borgarráðs þann 1. desember 2022 var fjallað um tilteknar breytingartillögur, dags. 28. nóvember 2022, við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 vegna aðgerðaáætlunar um umbætur og hagræðingu. Ein tillagan varðaði samkomulagið og framtíð þess og var vísað til borgarstjórnar. Umrædd tillaga var samþykkt þann 6. desember 2022 á fundi borgarstjórnar:

„SBPC-24 Tillaga vegna breytinga á styrkveitingum vegna uppsetningar á rafhleðslustöðvum. Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 20.000 þ.kr. vegna styrkveitinga til rafhleðslustöðva við fjölbýlishús. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur rennur út á þessu ári og hefur OR tekið ákvörðun um að framlengja hann ekki þar sem verkefnið hefur að mörgu leyti náð markmiði sínu, sem var að vekja athygli húsfélaga á möguleikum á uppsetningu rafhleðslustöðva og stuðla að uppbyggingu þekkingar til slíkra verkefna á verktakamarkaði. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN. Samþykkt. Borgarfulltrúar Sócialistaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.“

Þann 14. desember 2022 sendi Jakob Sigurður Friðriksson, starfsmaður hjá viðskiptaþróun hjá OR, Guðmundi B. Friðrikssyni tölvupóst. Í tölvupóstinum lagði hann til að gerður yrði viðauki við samkomulagið þar sem kemur fram að tíminn sem var upphaflega áætlaður hafi ekki dugað til og því sé nauðsynlegt að framlengja samninginn varðandi innviðina. Þá er auk þess lagt til að í viðaukanum komi einnig fram hver staðan á framkvæmd samkomulagsins sé, hversu mörgum staðsetningum sé lokið og hve margar standi út af. Þá verði sett fram eins konar tímaáætlun vegna verkefnisins.

Orkusjóður hefur verið að veita styrki m.a. til uppbyggingar hleðslustöðva til þess að liðka fyrir orkuskiptum. Rétt er að geta þess að hingað til hafa styrkir Orkusjóðs einkum beinst að hraðhleðslustöðvum og uppbyggingu innviða fyrir gististaði. Þær hleðslustöðvar sem settar eru upp á grundvelli samkomulagsins eru ekki hraðhleðslustöðvar heldur bjóða upp á hleðslu rafbíla sem taka lengri tíma.



VII. Álit borgarlögmans.

VII.1. Afstaða til framlengingar samkomulagsins.

Þar sem verkefnum á grundvelli a. og c. liðar er lokið er eingöngu veitt álit á því hvort nokkuð standi því lagalega í vegi að framlengja samkomulagið hvað varðar verkefni á grundvelli b. liðar 3. gr. þess. Þá samþykkti borgarstjórn tillögu þann 6. desember 2022 um að ekki sé vilji til að framlengja verkefni samkvæmt c. lið 3. gr. eins og stóð til að gera.

Ekki verður talið að afstaða borgarstjórnar, sbr. tillögu hennar sem var samþykkt á fundi þann 6. desember 2022, komi í veg fyrir að samkomulagið verði framlengt með viðaukasamningi að því gefnu að fjárheimildir séu fyrir verkefninu. Samkvæmt efni hinnar samþykktu tillögu virðist hún aðeins taka til verkefna samkvæmt c. lið 3. gr. samkomulagsins. Þá verður ekki séð með vísan til fyrrnefnds tölvupósts frá starfsmanni OR að OR sé mótfallið því að framlengja samkomulagið hvað b. lið 3. gr. þess varðar. Verður því að leiða líkum að því að efni samþykkrar tillögu borgarstjórnar frá 1. desember 2022 hafi einvörðungu varðað framlengingu á verkefnum tengdum c. lið 3. gr. samkomulagsins. Verði samkomulagið framlengt verður að telja að það þarfnist samþykktar borgarráðs.

Ljóst er að tafir á framkvæmd þeirra verkefna sem fjallað er um í b. lið 3. gr. samkomulagsins urðu ekki vegna atriða er Reykjavíkurborg hafði stjórn á. Ráðgjöf borgarlögmans var að fresti frekari innkaupaferlum á uppsetningu og rekstri hleðslustöðva á grundvelli samkomulagsins þar til endanleg niðurstaða úrskurðaraðila/dómstóla lægi fyrir í áður nefndum kæru- og dómsmálum. Í úrskurði kærunefndar útboðsmála nr. 44/2020 og fyrir dómstólum í kjölfarið reyndi fyrsta skiptið grundvallaratriði við framkvæmd útboða á uppsetningu og rekstri hleðslustöðva og hafði niðurstaðan því áhrif á hvernig bæri að bjóða út næstu staðsetningar samkvæmt samkomulaginu. Var því nauðsynlegt að bíða niðurstöðu dómstóla þannig hægt væri að standa að því ferli með lögætum hætti og í góðri trú.

Bent er á að tvíþætt vinna við verkefni á grundvelli b. liðar 3. gr. samkomulagsins er þegar hafin. Annars vegar hefur verið aflað tillagna frá íbúum hvað varðar staðsetningar hleðslustöðva. Þá hafa Veitur einnig komið fyrir innviðum á 20 staðsetningum í góðri trú. Ekki er hægt að fullyrða hver bæri tjón Veitna ef ekkert yrði af framlengingu samkomulagsins og innviðir af þeim sökum myndu ekki nýtast.

Þrátt fyrir að hvergi sé í lögum fjallað um skyldur sveitarfélaga varðandi rafhleðslustöðvar verður ekki séð að uppsetning og rekstur hleðslustöðva á borgarlandi sé andstæð 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Umrætt ákvæði fjallar um ólögbundin verkefni sveitarfélaga. Samkomulagið varðar íbúa Reykjavíkur og telst sameiginlegt velferðarmál þeirra í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna. Þá þjónar samkomulagið jafnframt samþykktum markmiðum Reykjavíkurborgar um að borgin Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar beiti sér fyrir hraðri uppbyggingu innviða til að styðja við orkuskipti í samvinnu við ríkið, önnur sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa.

Með vísan til alls þess sem er fram komið er álit borgarlögmans að ekki verði séð að nokkuð sé því til fyrirstöðu að framlengja samkomulagið.

VII.2. Útfærsla á framlengingu samkomulagsins.

- Ekkert er því lagalega til fyrirstöðu að verkefni á grundvelli b. liðar 3. gr. samkomulagsins verði framlengt með viðaukasamningi.
- Að mati borgarlögmans skiptir ekki máli lagalega hvort samkomulagið verði framlengt til loka ársins 2023 eða 2024. Rétt er þó að benda á að frekari útboðsferli kunna að vera kærð sem geta leitt til tafa á framkvæmd verkefna á grundvelli samkomulagsins. Því ber að varast að setja fram tímasetta áætlun sem gerir ekki ráð fyrir kæru- og málaferlum.



Reykjavíkurborg

- Rétt er að geta þess að í samkomulaginu er ekki fjallað um hvernig eigi að skipta tekjum sem aðilar kunna að öðlast á grundvelli samkomulagsins líkt og á við í tilviki samnings ON og Reykjavíkurborgar um rekstur hleðslustöðva sem fjallað er um hér að framan. Lagt er til að tekið verði af skarið um það í viðaukasamningi.
- Áréttað er að framlenging samkomulagsins þarfnast samþykktar borgarráðs.

Virðingarfyllt,
f.h. borgarlögmanns,

Kristín Sólnes lögmaður